18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna, um fjárkláðann. 1859. 28. maí.

Ef fjársýki þeirri, sem nú gengur á Íslandi, á að verða útrýmt, virðist það nauðsynlegt og að öðru leyti haganlegast, að um allt land verði höfð sama aðferð við meðferð sjúkdómsins; en þareð þess verður naumast að vænta, að þessu verði til leiðar komið eins og nú stendur á á Íslandi, og meðan þar vantar nægan myndugleika til að framfylgja þessu, hefur konungur, samkvæmt uppástungum dýralækningaráðsins, verið beðinn um, að fela mál þetta alveg á hendur konunglegum erindsrekum með nægu valdi. Konungi þóknaðist eptir þetta að útnefna dýralækni, prófessor Tscherning og skjalavörð Jón Sigurðsson, til sem erindsreka stjórnarinnar að fara til Íslands; og skyldu þeir fyrst nákvæmlega rannsaka heilbrigðisástand fjárins, einkum með tilliti til þess hörundskvilla, sem hefur gengið nú seinustu árin, og yfir höfuð veita eptirtekt öllu, sem snertir heilbrigði fjárins; og síðan í sameiningu gjöra þær ákvarðarnir, sem þeim kynni að sýnast nauðsyn á og annars eiga við á Íslandi, til að varna útbreiðslu sýkinnar, eða til að lækna fèð og bæta heilbrigðisástand þess.[1]

Um leið og eg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, sendi eg yður afskript af hinu konunglega erindisbrèfi, er erindsrekar þessir hafa fengið, svo að þèr getið hagað yður þar eptir og gert það kunnugt í amti yðar.

---

19. Auglýsing um að birta í blaðinu „Þjóðólfi" auglýsingar þær, sem um ræðir í opnu brèfi 27. maí þ. á. 27. júní.

Eptir valdi því, er dómsmálastjórnarherranum er veitt í opnu brèfi 27. maí þ. á., um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum, er það hèr með fyrirskipað, að auglýsingar þær, sem um er

1) Til stiptamtmannsins var hèr bætt við um laun erindsrekanna, og um að greiða þeim fè þar eptir, þegar þeir æsktu þess.